

Ed.

59. Frumvarp til laga

[45. mál]

um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

2. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Eignarréttur að sömdu máli helzt alla ævi höfundar, þá maka hans, foreldra, barna og barnabarna. Að þessum aðilum látnum fellur eignarrétturinn til Háskóla Íslands.

Nú eru fleiri en einn höfundur að riti, án þess að ritsmið hvers einstaks sé sérstök heild, og skal þá telja eignarheimild háskólans frá dauða þess aðila, sem lengst lifir. Hafi rit verið birt, ber þó einungis að taka tillit þá til þeirra höfunda, sem birt hafa nöfn sín á ritinu sjálfu eða, sé um leikrit að ræða, sem leikið hefur verið, en eigi birt á annan hátt, þeirra höfunda, sem hafa nafngreint sig þegar ritið var leikið.

Tekjum þeim, sem Háskóla Íslands fær af eignarrétti þessum, skal varið til styrktar listum og vísindum í landinu samkvæmt reglum, er Háskóli Íslands semur og ráðuneytið staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum helzt eignarréttur að sömdu máli alla ævi höfundar og 50 ár eftir hann látinn. Eftir þann tíma er hverjum sem er heimilt að gefa út verk höfundar. Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum með frv. þessu, eru aðallega tvenns konar. Í fyrsta lagi, að eignarréttur höfundar sé tryggður maka hans, foreldrum, börnum og barnabörnum, þótt liðin séu meira en 50 ár frá andláti höfundar, þar sem óeðlilegt er, að þessir aðilar missi réttinn eða tekjur af verkum höfundar, ef þeir eru þá enn á lífi. Í öðru lagi, að eignarrétturinn færist að þeim látnum yfir til Háskóla Íslands í stað þess að verða eign alls konar aðila, sem atvinnu hafa af að gefa út bækur eða sýna verk höfunda og greiða þá undir slíkum kringumstæðum engin höfundarlaun.

Tekjur þær, sem háskólinn hefði af þessu, þykir rétt að verði notaðar til eflingar listum og vísindum í landinu, eftir því sem háskólinn setur reglur um og ráðuneytið staðfestir.